

lemja *so. vb.-0 – leggja*
[lamdi]

– Siggí lamdi Óla í klessu

‡ » slá, berja

rað-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– geturðu raðað orðunum í rétta röð?

‡ • röð

mót-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– uppeldið hefur mótað hana

‡

fjarlæg-ja *so. vb.-i – heyra*
[-ði]

– lögreglan fjarlægði bílinn

‡ • fjarlægur, fjarlægð; fjarri, fjarski

dóm-ur *kk. – hestur*
[-s, -ar]

– hann fékk þungan dóm

‡ dómr • dæma, sjúkdómur

kýr *kvk.*
[-, -]

– bóndinn er með hesta, kýr og kindur

‡

lista-maður *kk. – maður*
[-manns, -menn]

– hann er þekktur listamaður

‡ listamaðr • list, maður, tónlist

vara *kvk. – stofa Ö*
[vöru, vörur]

– við vorum að fá nýjar vörur

‡

tímabil *hk. – hús*
[-s, -]

– á hvaða tímabili ertu í fríi?

‡ • tími

lestur *kk. – hestur R B*
[-s (lestrar-), lestrar]

– barninu gengur illa í lestri

‡ lestr • lesa, lesandi

eiginleik-i *kk. – tími*
[-a, -ar]

– hún er búin sérstökum eiginleikum

‡ eiginleikr • eiga (so), eigin; -leiki

veisl-a *kvk. – stofa*
[-u, -ur]

– það verður veisla í kvöld

‡ veizla

heillandi *lo. ób.*

– hún er heillandi söngkona

‡

yndisleg-ur *lo. – gular*
[-, -t; -ri, -astur]

– þetta er yndislegt barn

‡

fyndin-n *lo. – gular B S*
[-, fyndið; fyndnari, fyndnastur]

– hvað fannst þér svona fyndið við söguna?

‡

klukku-tím-i *kk. – tími*
[-a, -ar]

– ég kem eftir klukku tíma

‡ • klukka, tími » klukkustund